

MENNINGAR-, ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNDARÁÐ

Ár 2022, mánudaginn 10. október var haldinn 80. fundur menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs. Fundurinn var haldinn í borgarráðsherbergi og hófst hann kl. 13:30. Viðstödd voru: Skúli Helgason formaður, Rannveig Ernudóttir varamaður fyrir Kristinn Jón Ólafsson, Pawel Bartoszek, Birkir Ingibjartsson varamaður fyrir Sabine Leskopf, Birna Hafstein varamaður fyrir Friðjón R Friðjónsson, Kjartan Magnússon, Stefán Pálsson og Erling Jóhannesson áheyrnarfulltrúi BÍL. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Pálína Magnúsdóttir borgarbókavörður, Ólöf Kristín Sigurðardóttir safnstjóri Listasafns Reykjavíkur, Guðbrandur Benediktsson safnstjóri Borgarsögusafns, Huld Ingimarsdóttir starfandi sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs, María Rut Reynisdóttir skrifstofustjóri menningarmála hjá menningar- og ferðamálasviði, Signý Leifsdóttir verkefnastjóri hjá menningar-, og ferðamálasviði og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri á skrifstofu sviðsstjóra ÍTR sem skrifaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á starfsemi Borgarbókasafns.

Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Ráðið þakkar fyrir vandaða og skilmerkilega kynningu á starfsemi Borgarbókasafnsins. Árið 2023 verður merkisár í sögu Borgarbókasafnsins sem heldur upp á 100 ára afmæli sitt með fjölmörgum viðburðum. Ánægjulegt er að sjá þann mikla metnað sem einkennir starfsemi safnsins.

2. Fram fer kynning á starfsemi Listasafns Reykjavíkur.

Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Ráðið þakkar fyrir vandaða og skýra kynningu á starfsemi Listasafns Reykjavíkur. Merk tímamót verða í sögu Listasafns Reykjavíkur á næsta ári. 50 ár verða liðin frá opnun Kjarvalsstaða Listasafns Reykjavíkur og Ásmundarsafn fagnar sömuleiðis 40 ára afmæli. Ánægjulegt er að sjá að aðsókn að sýningum safnanna þriggja: Hafnarhúss, Kjarvalsstaða og Ásmundarsafns hefur aukist mikið og er nú orðin meiri en fyrir heimsfaraldur.

3. Fram fer kynning á starfsemi Borgarsögusafns.

Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Ráðið þakkar fyrir vandaða og skýra kynningu á starfsemi Borgarsögusafns. Mikilvæg stefnumótun verður unnin fyrir Borgarsögusafn og Viðey á komandi misserum. Ánægjulegt er að aðsókn að söfnum Borgarsögusafns hefur aukist hratt á árinu og er umfram áætlanir.

- kl. 15:08 víkja Pálína Magnúsdóttir, Ólöf Kristín Sigurðardóttir og Guðbrandur Benediktsson af fundi.

4. Lögð fram og kynnt skýrsla um greiningu menningar- og ferðamálasviðs á styrkjum menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs úr borgarsjóði 2019-2022 út frá kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun, dags. 21. september 2022.

5. Lagður fram endurnýjaður samningur vegna sjóðsins Talíu. Samþykkt.

Birna Hafstein vikur af fundi undir þessum lið.

6. Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Vinstri grænna sbr. fundur ráðsins 26. september 2022 liður 8. ITR22090022

Fulltrúi Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs leggur til að skipaður verði starfshópur undir forystu Borgarsögusafns til að kortleggja stöðu safna og sýningarsetra í borginni, greina hana og gera eftir atvikum tillögur um úrbætur.

Vísað til umsagnar sviðsstjóra menningar-, og ferðamálasviðs.

7. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Óskað er eftir því að þrjár tillögur, sem fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram á þar síðasta fundi menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs 19. september sl. verði lagðar fyrir ráðið sem fyrst, sbr. 7. grein samþykktar fyrir menningar-, íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkurborgar.

Fundi slitið kl. 15:36.

Skúli Helgason

Rannveig Ernudóttir
Stefán Pálsson
Kjartan Magnússon

Pawel Bartoszek
Birkir Ingibjartsson
Birna Hafstein